# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

**Kennsluáætlun:** Haustönn 2023

---

**Áfangi** **TTÖL1XA02,** tölvuteikning á sérnámsbraut .

---

**Áfangalýsing:** Í áfanganum fá nemendur að kynnast og vinna með teikniforritið Autocad þar sem teiknað er í tvívíðu formi. Lögð verða fyrir ýmis teikniverkefni sem nemendur teikna yfir önnina. Einnig er kynning á teikniforritinu Sketchup þar sem teiknað er í þrívíðu formi.

---

**Markmið áfangans:** Helstu markmið áfangans eru að nemendur:

- fái að kynnist tölvuteikningu og geti teiknað ýmis teikniverkefni í tölvu sér til gagns og ánægju
- kynnist helstu teiknireglum
- geti málsett mismunandi teikningar skv. málsetningarreglum og einnig skrifað texta inn á þær
- öðlist skilning á teikningalestri á nokkrum sviðum

---

**Verkefnaskil:** Á önninni verða lögð fyrir **teikniverkefni** sem nemendur teikna í kennslutímunum. Einnig geta nemendur valið sér sjálfir nokkur verkefni til að teikna, ef þeir vilja. Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, en annars er farið eftir getu hvers og eins.

---

**Námsmat:** Ekkert lokapróf er í áfanganum heldur verða verkefnin metin og gefin lokaeinkunn út frá þeim og frammistöðu nemenda í tímunum á önninni (mæting, virkni og hegðun)

Vægi verkefna á móti frammistöðu nemenda í tímum er eftirfarandi:

**Vægi verkefna = 80%**
**Vægi mætingar, virkni og hegðunar í tímum = 20%**

---

**Athugasemdir:**

Ljúka skal hverju teikniverkefni að fullu áður en það næsta er tekið fyrir. Senda skal kennara verkefnin á pdf-formi á netfangið ingvar@fsu.is .
Áfanginn er aðgengilegur í Innu og þangað má nálgast öll verkefnin Nemendur geta einnig fengið ljósrit af verkefnum í tímunum, ef þeir vilja.
AutoCad forritið er til staðar í öllum tölvunum í kennslustofunni og vilji nemendur einnig teikna heima í sínum eigin fartölvum þá er hægt að fá forritið sett í tölvurnar hjá tölvuþjónustu skólans. Sketchup forritið má hlaða niður af netinu og er það frítt.

---

**FSu. 19. ágúst 2023** **Kennari:** Ingvar Bjarnason